

## REGLUGERÐ

### um viðbótargreiðslur fyrir sauðfjárafurðir vegna ársfjórðungslegrar verðhækkunar á birgðum.

#### 1. gr.

Greiða skal hverjum framleiðanda viðbótargreiðslu vegna ársfjórðungslegrar hækkunar á afurðum sauðfjár skv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, sem hann lagði inn í haustsláturtíð, 1. september til 30. nóvember.

Viðbótargreiðsla til framleiðenda skal vera sú fjárhæð sem nemur ársfjórðungslegri hækkun á verði til bænda skv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, reiknað á sauðfjárafurðir í birgðum, þegar til verðhækkunar kemur, skv. nánari ákvæðum reglugerðarinnar.

#### 2. gr.

Viðbótargreiðsla greiðist hverjum framleiðanda á það magn afurðar sem hann hefur rétt til að fá greitt fyrir fullt verð skv. samningi ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda, sbr. a-lið 30. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 46/1985.

#### 3. gr.

Til að afurð taki ársfjórðungslegri verðhækkun skal hún vera óseld í birgðum hjá sláturleyfishafa og liggja fyrir birgðaskýrslur staðfestar af endurskoðanda, er sýni magn afurðarinnar. Hafi sláturleyfishafi staðfestan samning um sölu afurðar, þó svo að hún sé í vörslu sláturleyfishafans, telst hún ekki með afurðum er taka verðhækkun. Fari birgðamat á kindakjöti fram eftir söluskýrslum, skal auk sölunnar reikna með rýrnun á birgðum. Heimilt er sláturleyfishafa að reikna allt að 0,25 prósent birgðarýrnun ársfjórðungslega af þeim birgðum sem voru við upphaf tímabilsins.

#### 4. gr.

Viðbótargreiðsla greiðist þannig:

- a) fyrir verðbreytingu birgða 1. desember skal greiða eigi síðar en 15. mars.
- b) fyrir verðbreytingu birgða 1. mars skal greiða eigi síðar en 15. júní.
- c) fyrir verðbreytingu birgða 1. júní skal greiða eigi síðar en 15. september.

15. mars, 15. júní og 15. september eru eindagar og ber að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti, dragist greiðsla fram yfir eindaga.

#### 5. gr.

Við útreikning og uppgjör viðbótargreiðslu fyrir afurðir sauðfjár skal leggja til grundvallar birgðir afurða eins og þær eru hjá sláturleyfishafa við ársfjórðungslegar verðhækkningar.

Sláturleyfishafi skal standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á birgðaskýrslum við ársfjórðungslegar verðhækkningar og skulu þær staðfestar af endurskoðendum og hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins eigi síðar en 30 dögum frá því að verðbreyting varð.

Skili sláturleyfishafi ekki birgðaskýrslu innan tilskilins tíma, má beita hann dagsektum skv. 59. gr. 1. nr. 46/1985, kr. 2 500,00.

Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur gera eyðublöð sem það sendir sláturleyfishöfum vegna uppgjors á birgðum.

## 6. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út verðhækkunar birgða sauðfjárafurða við ársfjórðungslegar verðhækkunar skv. 3. gr. á eftirfarandi hátt:

1. Þær afurðir sauðfjár sem í haustsláturtíð eru umfram fullvirðisrétt samkvæmt samningi ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda, skal draga frá uppgæfum birgðum sláturleyfishafa. Magn umfram samning skal reiknað hlutfallslega jafnt eftir verðflokkum samkvæmt skýrslum frá haustsláturtíð.
2. Hafi framleiðendur flutt sauðfjárafurðir á erlendan markað án verðábyrgðar ríkissjóðs, skal það magn sem til frádráttar kemur skv. 1. tölulið, minnkað sem útflutningum nemur.
3. Eftir að fundið hefur verið magn afurðar í birgðum sem full verðábyrgð er fyrir, skal fundin sú verðhækkun sem hún tekur í heild. Þeirri upphæð skal deilt hlutfallslega á innlagða afurð hjá hverri afurðastöð eins og hún er í haustsláturtíð innan fullvirðisréttar.
4. Framkvæma skal jöfnun milli sláturleyfishafa vegna mismunandi söluhlutfalls við hvert ársfjórðungsuppgjör með því að draga frá birgðum sláturleyfishafans það magn sem er umfram fullvirðisrétt í haustsláturtíð. Þá skal fundin verðhækkun þeirra birgða sem eru innan fullvirðisréttar. Mismunur þeirrar fjárhæðar og þess sem sláturleyfishafanum ber að fá samkvæmt útreikningi gerðum eftir 3. tl., er sú jöfnunargreiðsla sem honum ber að fá eða inna af hendi.

## 7. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins jafnar birgðahækkunum milli sláturleyfishafa skv. 6. gr. Framleiðsluráðið skal innan 20 daga frá skilafresti birgðaskýrslna sbr 5. gr. hafa lokið útreikningi birgðahækkunar og tilkynnt hverjum sláturleyfishafa, hvort honum beri að fá eða inna af hendi jöfnunargreiðslu. Sláturleyfishafi skal inna af hendi jöfnunargreiðslu til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 20 dögum fyrir eindaga viðbótargreiðslu til framleiðanda, sem greiðir jafnóðum þeim sláturleyfishöfum er eiga að fá jöfnunargreiðslu. Framleiðsluráðið skal halda þessum greiðslum á sérgreindum reikningi sem gerður er upp í lok hvers verðlagsárs.

## 8. gr.

Jöfnunargreiðslur falla í eindaga séu þær ekki inntar af hendi 10 dögum áður en til viðbótargreiðslu til framleiðenda kemur. Reikna skal hæstu lögleyfða dráttarvexti frá gjalddaga á þær jöfnunargreiðslur sem eru í vanskilum.

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Jöfnunargreiðslur og skil skýrslna frá sláturleyfishöfum vegna verðbreytingar er varð 1. desember 1985 mega fara fram samhliða uppgjöri vegna verðhækkunar 1. mars 1986 þrátt fyrir ákvæði 5.—8. gr. reglugerðarinnar.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. mars 1986.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*